

ÁRSSKÝRSLA

RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR



2018/2019

Efnisyfirlit:

Ávarp formanns stjórnar Hjartaverndar	bls 4
Heiðursverðlaun Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright	6
Hjartavernd og Háskóli Íslands	7
Doktorsnemar	8
GoRed	9
Vísindamenn	10
Alþjóðlegi hjartadagurinn	10
Starfsfólk Odda styrkti Hjartavernd	11
Styrkur frá Krónunni og Hamborgarafabrikunni	12
Hvert stefnir, viðkvæmir hópar, blikur á lofti? Vilmundur Guðnason fjallar um stöðu áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma og viðkvæma hópa	12
Þyngdaraukning þjóðarinnar	14
Sykursýki 2	15
Háþrýstingur	17
Öldrunarrannsókn Hjartaverndar	18
Stór hluti einstaklinga lifir með afleiðingar hjartaáfalls	19
Kalkanir í ósæðaloku og ósæðaþrengsl	20
Hjartabilun	21
Gáttatif	22
Vísindavinnan árin 2018 og 2019	23
Birtar ritrýndar vísindagreinar 2018 og 2019	27



Rannsóknarstöð Hjartaverndar, Holtasmára 1, 201 Kópavogi

Fulltrúaráð Hjartaverndar

Ása Ólafsdóttir, lögfræðingur
Bogi Ágústsson, fréttamaður
Elín Ólafsdóttir, dr. med. lækni
Emil L. Sigurðsson, dr. med. heimilislækni
Guðmundur Þorgeirsson, prófessor,
hjartasérfræðingur
Katrín Pétursdóttir, forstjóri
María Baldursdóttir, söngkona
Sveinn Magnússon, yfirlækni
Unnur Sigtryggisdóttir, hjúkrunarfræðingur

Stjórn Hjartaverndar

Gunnar Sigurðsson, prófessor emeritus
Hilmar Björnsson, íþróttfræðingur
Karl Andersen, prófessor, hjartasérfræðingur,
formaður stjórnar Hjartaverndar
Laufey Steingrimsdóttir, prófessor,
næringarfræðingur
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, hjartasérfræðingur
Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur

Ritstjóri og ábyrgðamaður

Kristín Siggeirsdóttir,
framkvæmdastjóri þróunar

Hönnun forsíðu

Guðrún Nielsen, listakona

Forsíðumynd

Kristín Siggeirsdóttir

Ljósmyndarar

Árni Sæberg
Jón Örn Guðbjartsson
Kristinn Ingvarsson
Kristín Siggeirsdóttir

Ávarp formanns stjórnar Hjartaverndar

Árið 1967 þegar landssamtökin Hjartavernd voru stofnuð geisaði á Íslandi áður óþekktur faraldur hjartaáfalla, sem síðar kom í ljós að stafaði af kransæðasjúkdómi. Á þessum tíma var ekki vitað af hverju þessi faraldur stafaði, engin meðferð var til og þaðan af síður fyrirbyggjandi úrræði. Þá strax var hafist handa við gagnaöflun til að hægt yrði að átta sig á orsökum og eðli þessa faraldurs. Þar með var hafin merkasta faraldsfræðilega rannsókn sem framkvæmd hefur verið á Íslandi, og þótt víðar væri leitað, Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar. Á þeim árum sem síðan



Karl Andersen prófessor

eru liðin höfum við lært margt um orsakir og afleiðingar hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig við getum beitt forvarnaraðgerðum til að stemma stigu við þeim. Sú þekking byggir á vísindalegri gagnaöflun, mælingu áhættupátta hjá heilbrigðum einstaklingum og eftirfylgni yfir langt tímabil. Við höfum séð hvernig breytingar algengra áhættupátta hjá þjóðinni hafa skilað sér í lækkandi tíðni hjarta- og æðasjúkdóma og lækkandi dánartíðni af þeirra völdum. En vísindarannsóknir Hjartaverndar hafa ekki einungis verið grundvöllur þekkingaröflunar og framþróunar sem að ofan greinir. Þær hafa á sama tíma verið vegvísir fyrir heilbrigðisyfirvöld um hver staða áhættupátta og sjúkdómsbyrði sé á Íslandi í samanburði við önnur lönd og hvaða lýðheilsuinngrip komi að gagni í baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma.

Í þessari ársskýrslu er stiklað á stóru í starfsemi Hjartaverndar á síðustu tveimur starfsárum, 2018-2019. Vísindavirknin stendur í miklum blóma, eins og fjölmargar birtar vísindagreinar bera glöggt vitni um, margar í fremstu vísindatímaritum heims. Starfsmenn Hjartaverndar hafa verið heiðraðir fyrir vísindalegt framlag sitt og eru á meðal mest tilvitnuðu vísindamanna heims á sínu sviði. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og margir doktorsnemar hafa sótt rannsóknarefnivið og leiðsögn til Hjartaverndar. Það má því með sanni segja að Hjartavernd sé nú sem fyrr vísindastofnun í fremstu röð.

Mikilvægt skref var stigið á síðasta ári þegar samstarfssamningur milli Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar og Háskóla Íslands var endurnýjaður með formlegum hætti. Samningur þessi tryggir nemendum og vísindamönnum Háskólans

aðgang að kennslu og þjálfun í heilbrigðisvísindum og tengdum greinum hjá Hjartavernd til framtíðar. Samningurinn endurspeglar mikilvægi Hjartaverndar sem vísinda- og rannsóknastofnunar á háskólastigi í fremstu röð.

Hjartavernd tók sem fyrr virkan þátt í alþjóðlegum viðburðum, svo sem GoRed for Women, tileinkað hjartasjúkdómum hjá konum og Alþjóðlega Hjartadeginum í september, þar sem áherslan var á að fólk hugaði að eigin hjartaheilsu og sinna nánustu.

Í yfirstandandi veirufaraldri hefur enn sem fyrr komið í ljós mikilvægi þess að byggja nýja þekkingu á mælingum og vísindalegri aðferðafræði. Tölfræðingar Hjartaverndar hafa tekið virkan þátt í þeirri vinnu með stjórnvöldum og lagt mikilvægt lóð á vogarskálarnar við að spá fyrir um þróun faraldursins á komandi vikum og mánuðum. Í viðvarandi heimsfaraldri hjarta- og æðasjúkdóma er sömuleiðis mikilvægt að afla stöðugt nýrra gagna, því baráttunni er hvergi nærri lokið. Mikilvægt er að ráðast í nýja rannsókn á áhættuþáttum kransæðasjúkdóma hjá íslensku þjóðinni. Niðurstöður sem þannig fáast verða áfram grundvöllur nýrrar þekkingar og vegvísir að forvarnarstarfi næstu ára.

Karl Andersen



Heiðursverðlaun

Verðlaunasjóður

Ásu Guðmundsdóttur Wright

Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut heiðursverðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright fyrir brautryðjendastarf við að samtvinna rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum og erfðum þeirra. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Vilmundi verðlaunin við hátíðlega athöfn í Þjóðminjasafninu 6. desember 2019. Mynd/ Jón Örn Guðbjartsson.

Heiðursverðlaunin eru veitt árlega íslenskum vísindamanni sem náð hefur framúrskarandi árangri á sínu sérsviði í vísindum eða fræðum og miðlað þekkingu sinni til framfara. Sérstaka athygli vakti stjórn sjóðsins framlag Vilmundar í baráttunni gegn hjarta- og æðasjúkdómum en þar hefur hann m.a. þróað áhættureikni fyrir hjarta- og æðasjúkdóma sem er aðgengilegur á netinu, í samstarfi við aðra vísindamenn. Í baráttu sinni gegn hjarta- og æðasjúkdómum hefur Vilmundur nýtt nákvæm og ítarleg gögn um arfgerðir hjá stórum hópi landsmanna til þess að skoða erfðavísa sem hafa áhrif á líkindi á hjarta- og æðasjúkdómum. Stjórn Vilmundar á Öldrunarrannsókn Hjartaverndar vakti einnig athygli en sú rannsókn byggist á hinni 50 ára löngu Reykjavíkurrannsókn. Uppbygging og rannsóknir Vilmundar við REFINE Reykjavík, rannsókn yngri aldurshóps, var einnig nefnd. Gögn úr þessum rannsóknum hefur Vilmundur m.a. nýtt í alþjóðlegu samstarfi til þess að varpa skýrara ljósi á áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma og í samstarfi við innlenda og erlenda aðila hefur hann birt fjölmargar vísindagreinar í þekktustu vísindatímaritum heims, m.a. um áhættuþætti fyrir hjarta- og æðasjúkdóma.

Hjartavernd og Háskóli Íslands



F.v.: Karl Andersen stjórnarformaður Hjartaverndar, Vilmundur Guðnason forstöðulæknir Hjartaverndar, Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands, Inga Þórsdóttir forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Þórður Kristinsson ráðgjafi Háskóla Íslands. Mynd/Kristinn Ingvarsson

Samstarfssamningur milli Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar og Háskóla Íslands var endurnýjaður á dögum en hann tekur til samstarfs á breiðum grunni sem nær m.a. til vísindarannsókna og kennslu og þjálfunar í vísindagreinum sem geta tengst heilbrigðisvísindum. Sérstaklega er horft til hefðbundinnar faraldsfræði, erfðafaraldsfræði, erfðafræði, öldrunarfræða og félagsvísinda en einnig verkfræði og tölfraði. Markmið samningsins er að efla enn frekar gott samstarf Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar og hinna ýmsu deilda Háskólans á þessum sviðum og að tryggja aðgengi akademískra vísindamanna um ókomna tíð að gögnum úr vísindarannsóknum Hjartaverndar. Einnig er gert ráð fyrir að kennarar hinna ýmsu deilda Háskólans geti leitað til vísindamanna Hjartaverndar um að leiðbeina nemendum í verklegu námi og skapa aðstöðu fyrir rannsóknatengt nám.

Rannsóknastöð Hjartaverndar er ein af helstu samstarfsaðilum Háskólans. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, og Karl Andersen, stjórnarformaður hennar, eru báðir prófessorar við Læknadeild Háskóla Íslands, ásamt fleiri vísindamönnum Hjartaverndar.

Frá árinu 1967 hefur Hjartavernd rekið öfluga rannsóknarstöð, en þá var hinni þekktu hóprannsókn Hjartaverndar ýtt úr vör, en hún nær til yfir 30 þúsund Íslendinga. Markmiðið með hóprannsókn Hjartaverndar er að finna helstu áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma á Íslandi. Margir erlendir og íslenskir vísindamenn sem starfa við hinar ýmsu vísindastofnanir að margvíslegum rannsóknum þar á meðal innan Háskóla Íslands hafa tengst henni.

Doktorsnemar

Í gengum árin hafa meistara- og doktorsnemar unnið úr gögnum stofnunarinnar undir handleiðslu vísindamanna Hjartaverndar og annarra leiðbeinenda. Árið 2019 útskrifuðust þrjú doktorsnemar frá Háskóla Íslands sem nýttu aðstöðu Hjartaverndar og unnu með gögn Hjartaverndar. Í samstarfi við Sigurð Yngva



Kristinsson blóðmeinafræðing unnu tveir doktorsnemar. Annars vegar Maríanna Þórðardóttir sem varði ritgerð sína sem ber heitið *Holdafar og matarræði á mismunandi æviskeiðum og tengsl við mergæxli og forstig þess* og hins vegar varði Sigrún Þorsteinsdóttir ritgerð sína sem ber heitið: *Beinsjúkdómur hjá sjúklingum með mergæxli og forstig þess og lífun þeirra eftir greiningu sjúkdómsins*.

Í samvinnu við Karl Andersen hjartalækni vann Þórarinn Árni Bjarnason læknir doktorsritgerð sína og varði: *Sykursýki 2 og brátt kransæðaheilkenni: Greining, áhrif á æðakölkun og horfur*.

Fjölmarginir erlendir doktorsnemar vörðu einnig doktorsritgerðir úr gögnum Hjartaverndar. Laura de Jong vann að ritgerð sinni í Hjartavernd og varði við Háskólann í Leiden í Hollandi árið 2018: *Ventral striatal atrophy in Alzheimer's disease: exploring a potential new imaging marker for early dementia*. Frank J. Walters varði ritgerð sína m.a. byggða á gögnum Hjartaverndar við Erasmus Medisch Centrum, Rotterdam í Hollandi árið 2018: *On the origin of dementia. A population perspective on risk and aetiology*. Dina Vojinović varði ritgerð sína m.a. byggða á gögnum Hjartaverndar við

Erasmus Medisch Centrum, Rotterdam í Hollandi árið 2018: *Genomic and metabolic determinants of neurology and psychiatric traits*. Daniëlle van Keulen varði ritgerð sína m.a. byggða á gögnum Hjartaverndar við háskólann í Utrecht í Hollandi árið 2019: *Cardiovascular drug target discovery. In vitro and in vivo validation studies*.

GoRed

GoRed átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga megji úr líkum á sjúkdómunum.

Myndin hér til vinstri sýnir glæsilegt gagnvirkt hjartaljósaverk sem var unnið árið 2018



Gagnvirkt hjartaljósaverk sem birt var á tónlistarhúsinu Höfuðborgarsaluri GoRed dagana 2018 og 2019. Mynd/Árni Sæbera

og birtist á glerveggjum Höfuðborgarsalurs tónlistahúss. Verkið var unnið af ungum forriturum, þeim Þórði Hans Baldurssyni og Halldóri Eldjárn, fyrir GoRed átakið. Listaverkið var hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík. Einstaklingum bauðst að fara inn í Höfuðborgarsalur og snerta nema á stjórnþæki hjartans sem birti svo púls viðkomandi í mismunandi litum á ljósa hjúpnum sem hægt var að sjá jafnt að utan sem innan. Aðsókn að verkinu var frábær og vakti hjartaljósverkið mikla athygli héraðs og erlendra gesta. Áður en þetta fallega hjartaljósverk var afhjúpað gekk

hópur fólks frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðuholtið og niður að Höfuðborgarsaluri.

Í tilefni af GoRed var gefinn út fréttakálfur í Fréttablaðinu árið 2018 og 2019 en seinna árið var hann sérstaklega veglegur í tilefni 10 ára afmælis áttaksins. Málþing var einnig haldið þann 1. febrúar 2019 í Silfurbergi í Höfuðborgarsaluri og sló það í gegn, þéttsetinn salur sem hlýddi á góða fyrirlestra og skemmtiefni. Ráðstefnan var blanda af alvöru og gamni. Rætt var um hjartað og krabbamein, gáttatif, meðgöngusykursýki og reynslusögur sagðar. Í lokin var kveikt á hjartaljósverkinu í Höfuðborgarsaluri.

Skipt var um stjórnarformann GoRed 2019, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, hjartalæknir, lét af störfum og við tók Helga Margrét Skúladóttir, hjartalæknir.

Vísindamenn

Þrír vísindamenn frá Hjartavernd voru árið 2018 í hópi 4000



*Albert Vernon
Smith prófessor*

mest ívitnuðu vísindamanna heims, samkvæmt lista greiningarfyrirtækisins Clarivate Analytics. Það voru þeir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, Thor Aspelund, prófessor í tölfræði og Albert

Vernon Smith, prófessor í erfðafræði.



Thor Aspelund prófessor



Vilmundur Guðnason prófessor

Vilmundur Guðnason tilheyrði hópi vísindamanna sem mest var vitnað í á tveimur fræðasviðum, bæði klínískri læknisfræði og sameindalíffræði og erfðafræði.

Alþjóðlegi hjartadagurinn

Dagurinn var haldinn hátíðlegur í september 2018 og 2019 með göngu og hlaupi.



Vinningshafar 2019

Hjartadagshlaupið fór fram á Kópavogsvelli. Boðið var upp á 5 og 10 km hlaup, að venju. Góð þátttaka var í báðum hlaupunum. Árið 2018 voru skráðir 527 hlauparar en 371 komu í mark.

Þetta var annað árið í röð sem hlaupið er haldið á laugardegi og er almenn ánægja með það.

Árið 2019 var hlaupið haldið þann 28. september og voru það 431 hlauparar sem komu í mark. Næsta hjartadagshlaup verður haldið 26. september 2020.



Vinningshafar 2018

Hjartagangan var einnig haldin bæði árin. Lagt var af stað frá gömlu rafstöðinni í Elliðaárdal og gengið um Elliðaárdalinn við ágætar undirtektir.

Heilbrigður lífsstíll er mikilvægasta forvörnin gegn hjarta- og æðasjúkdómum. Árið 2018 var lögð sérstök áhersla á að fólk hugsaði um sitt eigið hjarta og ástvina sinna, „hjartað mitt og hjartað þitt“. Árið 2019 var lögð áhersla á að fólk væri hjartahetja með því að lofa sjálfum sér og öðrum að vernda hjartað sitt með einföldum breytingum fyrir hjartaheilsuna. Fólk á öllum þjóðfélagsstigum var hvatt til að sýna gott fordæmi fyrir næstu kynslóð og hugsa um: „hvað get ég gert núna til þess að passa hjartað mitt og hjartað þitt“?

Starfsfólk Odda styrkti Hjartavernd

Starfsfólk Odda fór í söfnunaráttak árið 2018 og ákvað að styrkja Hjartavernd og verkefnið „Finnu fólk í lífshættu“. Hvorki meira né minna en 240 þús kr. söfnuðust.

Á heimasíðu Odda mátti lesa um almenna ánægju með framtakið og hvatningu til allra að kynna sér verkefnið betur á heimasíðu Hjartaverndar:

www.hjartavernd.is.

Hjartavernd þakkar innilega þetta góða framtak sem kemur sér meira en vel og mun nýtast allri þjóðinni um ókomin ár.



F.h.: Sigrún Íris, Odda og Jóhanna Eyrún, Hjartavernd

Styrkur frá Krónunni og Hamborgarafabrikunni

Í tilefni söfnunarinnar „Finnum fólk í lífshættu“, sem fram fór 17. nóvember 2017, ákvað Hamborgarafabrikkan að endurtaka söfnun frá 2010 og láta 400 kr. af hverjum seldum Herra Rokk hamborgara renna til söfnunarinnar.

Hamborgarafabrikkan ákvað að gera enn betur og fékk Krónuna í lið með sér. Krónan lét í framhaldinu 100 kr. af hverri seldri Fabrikuvöru í verslunum sínum í renna til söfnunarinnar.




F.v.: Ólafur Júlíusson Krónunni, Karl Andersen og Vilmundur Guðnason Hjartavernd og Jóhannes Ásbjörnsson Hamborgarafabrikunni

Hvorki meira né minna en 1,3 milljónir króna söfnuðust til handa Hjartavernd. Þessi glæsilegi styrkur var afhendur í lok janúar 2018.

Hvert stefnir, viðkvæmir hópar, blikur á lofti?

Vilmundur Guðnason fjallar um stöðu áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma og viðkvæma hópa

Lífslíkur Íslendinga hafa aukist jafnt og þétt síðustu öld og eru Íslendingar nú meðal þeirra þjóða sem hafa hvað mestar lífslíkur. Upp úr miðbiki síðustu aldar hægði á lífslíkum Íslendinga, eins og annarra vestrænna þjóða. Þetta má rekja til ótímabærra dauðsfalla vegna hjartaáfalla. Viðast hvar var þessari vá mætt með stofnun hjartaverndarfélaganna, upphaflega í Bandaríkjunum Norður-Ameríku þar sem þessa viðsnúnings á lífslíkum gætti fyrst. Á Ísland var Hjartavernd stofnuð aðallega í þessum sama tilgangi.



Umrædda óheillaþróun í hjarta- og æðasjúkdómum má greinilega sjá á myndinni hér til vinstri sem er unnin upp úr Hagskinnu, Hagstofu Íslands. Hún sýnir þróun lífslíka á Íslandi frá lokum átjándu aldar og fram á tuttugustu og fyrstu öldina. Örin bendir á breytingarnar.

Í ítarlegri úrvinnslu Hjartaverndar á þeim þáttum sem voru ákvarðandi um viðsnúninginn kom í ljós að yfir 70% af árangrinum mátti rekja til breytinga í lífsstíl þjóðarinnar (Aspelund T, o.fl. PlosOne,2010; PMID:21103050).

Gögn Hjartaverndar sýna að þróun áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma hefur farið batnandi á síðustu áratugum

jafnhliða verulegri fækkun dauðsfalla vegna hjartaáfalla síðastliðin fimmtíu ár. Má þar helst nefna lækkandi kólesteról, minnkandi tóbaksreykingar, lækkandi blóðþrýsting, aukningu í reglubundinni hreyfingu og almennt betra mataræði. Þennan árangur má að verulegu leyti rekja til sameiginlegs átaks leikra og lærðra með mikilvægri samvinnu við stjórnvöld. Ítarleg yfirlitsgrein þar sem þessu sameiginlega átaki eru gerð góð skil var birt í Læknablaðinu á 50 ára afmæli Hjartaverndar 2017.

Ofangreindur góður árangri dylst engum sem vilja kynna sér málið. Hins vegar eru því miður í dag blíkur á lofti. Ofþyngd og offita, ásamt sykursýki, sem gjarnan haldast í hendur, hafa farið vaxandi og eru veruleg ógn við heilsufar Íslendinga til náinnar framtíðar. Reyndar hafa verið að birtast greinar um minnkandi lífslíkur hjá bandarísku þjóðinni á síðasta rúmum hálfu áratug (JAMA. 2019;PMID:31769830). Þetta á við um ungt fólk, jafnvel undir þrítugu. Það sem er ógnvekjandi hjá þeim hópi er að hár blóðþrýstingur virðist vera einn af þeim þáttum sem spila hlutverk í þessari þróun. Á Íslandi sýna tölur Hagstofu Íslands að hægt hefur á aukningu í lífslíkum þjóðarinnar

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/faeddir-og-danir/aevilengd-og-danartidni-2018/>.

Það sem er umhugsunarvert er að Hagstofa Íslands sýnir að á síðustu árum hafa lífslíkur 30 ára einstaklinga sem hafa einungis grunnskólamenntun staðið í stað eða

minnkað á síðustu árum. Spurningin er því hvort við megum búast við sams konar falli í lífslíkum íslensku þjóðarinnar og sást um miðja síðustu öld? Þetta kallar á enn frekari rannsóknir á áhættuþáttum yngra fólks sem óumdeilanlega er framtíð landsins.

Þyngdaraukning þjóðarinnar

Aukin offita þjóðarinnar gefur verulegt tilefni til þess að hafa áhyggjur þar sem hverju stigi í auknum líkamsþyngdarstuðli fylgir aukin hætta á bæði sykursýki 2, sem og hækkaðum blóðþrýstingi. Til að hafa sem gleggstar og nákvæmastar upplýsingar um áhættu hjá þjóðinni og glöggva sig á afleiðingunum er af megin mikilvægi að hafa sem réttastar upplýsingar. *Rannsóknir Hjartaverndar gefa mjög ítarlegar og nákvæmar upplýsingar um þróun líkamsþyngdar mæld sem líkamsþyngdarstuðull*. Mikilvægt er að réttar tölur um þyngd íslensku þjóðarinnar séu birtar, en þessar tölur eru byggðar á öllum hóprannsóknnum Hjartaverndar sem hafa að geyma raunverulegar hæðar- og þyngdarmælingar sem endurspeglar íslensku þjóðina.

Þegar litið er til tímabilsins 1968-2012 fyrir miðaldra karla sést að líkamsþyngdarstuðullinn hefur hækkað úr 25,8 kg/m² í 28,7 kg/m², eða um 2,9 kg/m², sem er aukning um 11%. Hjá konum 50-69 ára hefur líkamsþyngdarstuðull hækkað um 2 kg/m², eða úr 25,2 kg/m² í 27,2 kg/m² og er það aukning um 8%. Íslendingar eru ofarlega meðal Evrópuþjóða með tilliti til líkamsþyngdar (OECD/EU. Health at a Glance: Europe 2016-State of Health in EU Cycle. OECD Publishing, París 2016) og langþyngstir Norðurlandþjóða. (Matthiessen J, Andersen L, Barbieri H, Borodulin K, Knudsen V, Korup K, et al. The Nordic Monitoring System 2011–2014: Status and development of diet, physical activity, smoking, alcohol and overweight. Nordic Council of Ministers, Danmörku 2016). Hlutfall Íslendinga í ofþyngd (LPS 25-29,9) er 57,9% og 22,2% eru með offitu (LPS>30). Ísland er eina landið á Norðurlöndum þar sem algengara er að vera í ofþyngd eða vera of feitur en í kjörþyngd. (Matthiessen J, Andersen L, Barbieri H, Borodulin K, Knudsen V, Korup K, et al. The Nordic Monitoring System 2011–2014: Status and development of diet, physical activity, smoking, alcohol and overweight. Nordic Council of Ministers, Danmörku 2016).

Til enn frekari glöggvunar með nákvæmum hæðar- og þyngdartölum, þá hefur Hjartavernd lagt til niðurstöður af beinum mælingum á tugþúsundum Íslendinga í samanburðarrannsóknum, í samvinnu við vinnuhóp um langvinna sjúkdóma (The Non Communicable Disease Risk Factor Collaboration). Niðurstöðurnar hafa verið birtar í alþjóðlegum vísindatímaritum (Worldwide trends in body-mass index, underweight, overweight, and obesity from 1975 to 2016: a pooled analysis of 2416 population-based measurement studies in 128·9 million children, adolescents, and adults. NCD Risk Factor Collaboration (NCD-RisC). Lancet. 2017; PMID:29029897). Hjartavernd hefur einnig sett inn í sama rannsóknahóp tölur um hæðarbreytingar Íslendinga í gegnum árin (A century of trends in adult human height. NCD Risk Factor Collaboration (NCD-RisC). Elife.2016;PMID:27458798). Í framtíðarspá um þróun þyngdarstuðuls íslensku þjóðarinnar er reiknað með að árið 2025 séu einungis 8% líkur á að konur nái alheimsmarkmiði varðandi líkamsþyngd og íslenskir karlar einungis hafi 1% líkur á að ná því markmiði. Þessar upplýsingar eru verulega lýðheilsulega mikilvægar og gefa til kynna að við stöndum frammi fyrir raunverulegu og meiriháttar vandamáli hjá viðkvæmum hópum í aukinni áhættu á að fá hækkaðan blóðþrýsting og sykursýki 2 með þeim afleiðingum sem því fylgir. Allt afleiðingar sem má hafa áhrif á og fyrirbyggja.

Sykursýki 2

Eitt af því sem sárvantar eru tæmandi upplýsingar um nýgengi sykursýki af tegund 2. Nýgengisupplýsingar fást við það að þátttakendurnir sem áður hafa tekið þátt í rannsókn mæti aftur með einhverra ára millibili. Umtalsverður hluti þátttakenda greinist einmitt við þátttöku í rannsókn. Einnig fást ósjaldan mikilvægar upplýsingar frá sjúkrahúsinnlögnum en langstærstur hlutinn er greindur innan heilsugæslunnar eða hjá öðrum læknum og þá oft fyrir tilviljun.

Sykursýki er umtalsvert vandamál og hefur sykursýki 2 aukist margfalt á síðustu áratugum. Engar haldbærar tölur hafa verið til á Íslandi um algengi sykursýki 2, utan þess sem Hjartavernd hefur birt á undanförunum árum og áratugum. Eina raunhæfa leiðin til þess að meta nýgengi sykursýki 2 er með endurteknum mælingum á fólki yfir tíma, en upplýsingar þar um sárvantar. Bráðnauðsynlegt er fyrir þjóðina að afla sér upplýsinga um nýgengi sykursýki 2 en það þarf að gera í slembiúrtaksrannsóknum

sem endurspeglar þjóðina, á borð við Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar, Öldrunarrannsókn Hjartaverndar og Áhættuþáttakönnun Hjartaverndar.

Sykursýki hefur varið vaxandi á Íslandi samkvæmt mælingum úr hóprannsóknnum Hjartaverndar. Hóprannsóknir Hjartaverndar er því eina heimildin á Íslandi um algengi á sykursýki á Íslandi. Í hóprannsóknunum eru bæði nýgreindir einstaklingar og þeir sem hafa fengið greininguna áður en þeir koma í rannsóknina. Áhættuþáttakönnun Hjartaverndar sem stóð frá árinum 2006-2012 sýndi að um rúmlega fjögur prósent fullorðinna (30-70 ára) voru með sykursýki 2 og þar af þriðjungur með ógreinda sykursýki sem greindist í rannsókninni með beinum mælingum á blóðsykri hjá einstaklingunum. Hjá 70 ára og eldri er algengið 16% og þriðjungur ógreindur. Þar sem að hóprannsóknirnar endurspeglar í raun þjóðina þá má ætla að þær tölur sem þar sjáist séu heimfæranlegar á þjóðina í heild.

Árið 2020 (1. janúar) voru 178000 einstaklingar á aldrinum 30-70 ára og miðað við aldursstaðlað mat á algengi þá má reikna með að 7600 séu með sykursýki 2. Um 34000 einstaklingar eru 70 ára og eldri og áætlað að um 5400 hjá 70 ára og eldri séu með sykursýki 2. Samtals um 13000 manns. Um 4300 af heildinni eða þriðjungur eru ógreindir og 8700 með greinda sykursýki. Rannsóknir erlendis sýna að algengi sykursýki er víðast hvar að aukast.

Rannsóknir frá Bandaríkjunum benda til að sykursýki muni aukast um 53% fram til 2030 og kostnaður muni aukast um 54% (Popul Health Manag 2017; PMID:27124621). Rannsóknir frá Noregi sýna að algengi sykursýki 2 er enn að aukast og hefur aukist frá 4,95% í 6,1% á árunum 2009-2014. Á sama tíma hafði nýgengi lækkað um 10 prósent á ári eða úr 609 tilfellum á hverja 100 þúsund í 389 á hverja 100 þúsund íbúa.

Vísindamenn Hjartaverndar hafa nýlokið frumúrvinnslu úr Áhættuþáttakönnun Hjartaverndar og Öldrunarrannsókninni til að áætla nýgengi sykursýki 2 á Íslandi á síðasta rúma áratug. Einnig nýttu þeir gögn úr lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis. Niðurstöðurnar benda til að nýgengi sykursýki 2 á Íslandi á árunum 2006-2018 hjá einstaklingum á aldrinum 30-84 ára væru 475 tilfelli á hverja 100 þúsund íbúa. Það er svipað og nýgengi sykursýki 2 fyrir aldurinn 30-85 ára í Noregi á árunum 2009-2014, þar sem 482 ný tilfelli greindust á hverja 100 þúsund íbúa. Norskum og íslenskum tölum ber því vel saman.

Mikilvægt er að fá eins nákvæmar upplýsingar og hægt er, byggðar á raunverulegum íslenskum tölum, til að spá um nýgengi sykursýki 2 á Íslandi til framtíðar. Til þess að fá slíkar upplýsingar þá er nauðsynlegt að framkvæma aðra könnun þar sem einstaklingum sem hafa áður tekið þátt í Áhættuþáttakönnuninni er boðið að koma aftur og tíðni sykursýki rannsökuð.

Háþrýstingur

Hár blóðþrýstingur er algengasti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma og greinist hjá um 25-30% fullorðinna. Á heimsvísu er talið að háþrýstingur finnist hjá um 12% einstaklinga á aldursbilinu 20-40 ára, en hann er oft ógreindur og lítið meðhöndlaður. Í Áhættuþáttakönnun (REFINE rannsókn) Hjartaverndar var algengi háþrýstings 20-30 ára einstaklinga 7,3% hjá körlum og 1,2% hjá konum. Í aldursþópnum 30-40 ára var algengið 9,5% hjá körlum og 6,9% hjá konum. Háþrýstingur þróast yfir tíma og hefur verið tengdur við óhagstæðan lífsstíl, óhollt mataræði og hreyfingarleysi. Greining háþrýstings á unglingsárum fylgir fólki fram á miðjan aldur og tengist ótímabærum líffæraskemmdum í heila, hjarta- og æðakerfi. Jafnvel er farið að líta svo á að umhverfis- og erfðabættir fyrir fæðingu geti leitt til þróunar háþrýstings snemma á lífsleiðinni.

Vísbendingar eru um að hækkaður blóðþrýstingur aukist hraðar hjá konum en körlum og að vísbendingar um þessa þróun megi finna hjá konum allt niður í þrítugsaldur. Þetta bendir til þess að meingerð blóðþrýstingshækkunar sé annars konar hjá konum en hjá körlum. Vitað er að konur fá kransæðasjúkdóm að meðaltali 6-8 árum síðar á lífsleiðinni en karlar en þegar þær veikjast af kransæðasjúkdómi þá eru horfur þeirra almennt verri en hjá körlum með sama sjúkdóm. Þessi kynjamunur í þróun blóðþrýstings gæti að hluta skýrt mismunandi þróun kransæðasjúkdóms og horfur milli karla og kvenna.

Tilfinnanlega vantar tölur um nýgengi háþrýstings bæði hjá konum og körlum. Erlendar nýlegar rannsóknir benda á að háþrýsting sé að finna hjá einstaklingum allt niður



fyrir þrítugt og að hann sé einn áhrifaþáttur í minnkandi lífslíkum einstaklinga. Afar brýnt er að kanna þetta nánar hjá íslenskri þjóð og verði niðurstaðan í samræmi við erlendu rannsóknirnar, þarf strax að grípa inn með viðeigandi fyrirbyggjandi aðferðum.

Í klínískri vinnu hefur ákvörðun um hvenær skuli gripið til lífsstíls- og lyfjameðferðar við háþrýstingi byggst á heildaráhættu á hjarta- og æðasjúkdómi. Þessar áhættureiknivélar eru byggðar á áhrifum þekktra áhættuþátta á þróun sjúkdóms hjá miðaldra og eldri einstaklingum og voru gerðar á tímum þegar algengi áhættuþátta í almennu þýði var með öðrum hætti en það er í dag. Þegar horft er til heildaráhættu kemur hækkandi aldur sterkt inn til aukningar á áhættu og þess vegna verða yngri fullorðnir (20-40 ára) síður metnir hafa gagn af meðferðinni. *Áhættureiknarnir hafa ekki verið sannreynðir (validated) í hópi yngri fullorðinna.* Afleiðingin er sú að háþrýstingur fær að þróast án meðferðar í ár eða áratugi, oft þar til líffæraskemmdir koma fram. Í þessu tilliti er mikilvægt að líta meira til líftíma áhættu hjá yngri aldurshópum frekar en 10 ára áhættu, líkt og núverandi vinnulag gerir ráð fyrir í áhættumati.

Í ljósi þessa er tímabært og aðkallandi að framkvæma áhættuþáttakönnun hjá fullorðnum einstaklingum (20-40 ára) til að meta algengi, þróun og afleiðingar þessara þátta á tilurð hjarta- og æðasjúkdóma síðar á lífsleiðinni. Einnig er brýnt að skoða nýgengi háþrýsings hjá þeim sem eru að nálgast miðjan aldur. Með því að skoða aftur þá einstaklinga sem tóku þátt í Áhættuþáttakönnuninni og voru í yngsta aldurshópnum fyrir 15 árum þegar Áhættuþáttakönnunin hófst má fá mikilvægar upplýsingar um nýgengi á þessum algenga vágesti hjá þeim viðkvæma hópi sem er útsettur fyrir þessum sjúkdómi. Sem fyrr myndi Hjartavernd vera í fararbroddi í alþjóðlegu tilliti með slíkri rannsókn.

Búast má við því að aukin ofþyngd, sykursýki 2, ásamt háþrýstingi eigi eftir að leiða til margra alvarlegra tilfella langvinnrar hjartabilunar og þá um leið verulega skertra lífsgæða og aukinnar sjúkdómsbyrði aldraðra.

Öldrunarrannsókn Hjartaverndar

Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, sem hófst árið 2002, hefur staðið yfir í hartnær tvo áratugi. Hún var unnin í tveimur áföngum, eða frá 2002-2006 og svo frá 2007-2011.

Söfnun upplýsinga um afdrif og sjúkrahúsvist hefur verið kerfisbundin alla tíð frá upphafi rannsóknar. Allir einstaklingarnir höfðu áður tekið þátt í Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar sem hófst 1967, svo til eru ítarlegar upplýsingar um þessa einstaklinga og stóran hluta af þeirra lífshlaupi. Það sem gerir þessa rannsókn mjög mikilvæga er að hún, eins og aðrar rannsóknir Hjartaverndar, byggir á mælingum sem fengnar eru með beinum skoðunum á einstaklingunum sjálfum. Auk grunnupplýsinga um einstaklingana hefur verið safnað miklum upplýsingum um lýðheilsubreytur sem skipta miklu máli fyrir íslenska þjóð, líkt og áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma og annarra sjúkdóma sem oft koma í ljós við rannsóknir af þessu tagi. Upplýsingar úr Öldrunarrannsókninni hafa m.a. nýst til að spá fyrir um þróun krónískra sjúkdóma sem herja á fólk þegar það eldist. Þar má nefna t.d. hjarta- og æðsjúkdóma, en þeir sjúkdómar eru hvað kostnaðasamastir fyrir samfélagið og valda ómældri þjáningu enda lifa margir með afleiðingar hjarta- og æðasjúkdóma árum eða áratugum saman. Eitt sem er sameiginlegt fyrir allar hinar mismunandi afleiðingar hjarta- og æðasjúkdóma er að stóran hluta þeirra má hafa áhrif á og koma þannig í veg fyrir t. d. kransæðastíflu og heilaáföll.


Hér verður gerð grein fyrir nokkrum af þeim framtíðarspám sem unnar hafa verið út úr Öldrunarrannsókninni, sem endurspeglar íslenska þjóð. Með því að fylgja eftir hvernig einstaklingunum farnaðist má gera sér grein fyrir hverju má búast við og þannig spá fyrir um notkun á heilbrigðiskerfinu með ört vaxandi fjölda aldraðra.

En áður en lengra er haldið er rétt að benda á að umtalsverður fjöldi einstaklinga lifir af þau áföll sem þeir verða fyrir.

Stór hluti einstaklinga lifir með afleiðingar hjartaáfalls

Það er ljóst að langflestir af þeim sem fá hjartaáföll lifa þau af. Um tveir þriðju einstaklinga í Öldrunarrannsókninni lifa af hjartaáfall. Rannsóknir okkar sýna að fyrir karlmenn sem komu í Öldrunarrannsóknina þegar þeir voru 74 ára gamlir og höfðu enga sögu um hjartaáfall þá lifðu þeir að

Líflíkur 74 ára karla og kvenna við komu í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar





meðaltali í þrettán ár, sjá nánar myndina. Jafngamlir einstaklingar sem höfðu fengið hjartaáfall fyrir komu í rannsóknina lifðu aðeins í níu ár, þannig að þeir mega búast við að lifa fjórum árum skemur. Sambærilegt má sjá varðandi 74 ára gamlar konur sem komu í Öldrunarrannsóknina, sjá mynd. Það hefði mátt búast við að þessar konur hefðu lifað í nærri sextán ár ef þær væru ekki búnar að fá hjartaáfall þegar þær komu í Öldrunarrannsóknina en einungis í tíu ár ef þær hefðu þegar fengið hjartaáfall á lífsleiðinni áður en þær höfðu komið í Öldrunarrannsóknina.

Það sem skiptir öllu mál hér er að þessir einstaklingar lifa oftár en ekki við verulegar skerðingar á lífsgæðum sem bitna illilega á þeim sjálfum og fjölskyldum þeirra. Líf þeirra reynist þar að auki mun kostnaðarsamara en áður vegna veikinda þeirra, bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið. *Hér er um alvarlegt mál að ræða því fræðilega séð eru öll hjartafél fyrirbyggjanleg og er þetta enn eitt dæmið um mikilvægi þess að við sem þjóð komum í veg fyrir hjartaáfall á efri árum með kerfisbundinni fyrirbyggjandi læknisfræði.*

Kalkanir í ósæðaloku og ósæðapregsl

Ósæðalokupregsl er hjartasjúkdómur og eykst tíðni hans verulega með aldrinum. Öldruðum mun fjölga ört á næstu árum og er ljóst að þessi sjúkdómur á því eftir að

Áætluð aukning í alvarlegum ósæðapregslum til 2060



verða mjög algengur. Sjúkdómurinn er mjög íþyngjandi og leiðir af sér minnkandi lífsgæði og mikinn kostnað fyrir einstaklinginn og samfélagið, bæði vegna meðferðar og sjúkrahússkostnaðar.

Kölkun í ósæðaloku greind með tölvusneiðmyndum er til staðar hjá 43% af þátttakendum í Öldrunarrannsókninni og má leiða sterkar líkur að því að það sé það sem finnst almennt hjá öldruðum á Íslandi. Af þeim voru 5,9% með klínískt alvarleg ósæðalokupregsl, samkvæmt tölvusneiðmyndum, og 4,3%, samkvæmt


hjartaómskoðunarrannsóknum. Gerð var framtíðarspá um þróun alvarlegra ósæðalokuprengsla hjá íslensku þjóðinni fram til 2060, sjá myndir. Samkvæmt spánni verður komin 2,4 föld aukning þessa sjúkdóms árið 2040 og rúmlega þreföld aukning árið 2060 og er það verulegt áhyggjuefni. (The prevalence of aortic stenosis in the elderly in Iceland and predictions for the coming decades: the AGES-Reykjavík study. Danielsen R, Aspelund T, Harris TB, Gudnason V. Int J Cardiol. 2014;PMID:25171970). Það er ljóst að hér er ekki einungis um alvarlegan sjúkdóm að ræða heldur einnig fjárhagslega dýran þar sem hann er langt genginn og eina leiðin til lækninga er að skipta út lokunni, sem er dýr og áhættusöm aðgerð. Einnig er kostnaðarsamt að meðhöndla hjartabilun sem gjarnan er afleiðing af klínískum ósæðalokuprengslum, auk þeirra auknu áhættu á heilaáföllum sem einnig fylgir.

Framangreindar rannsóknir benda eindregið til orsakasambands milli áhættuþátta æðakölkunarsjúkdóma og ósæðalokukölkunar. Fræðilega má leiða að því sterk rök að ósæðalokukölkun sé fyrirbyggjanleg með því að hafa áhrif á æðakölkun og áhættuþætti hennar með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Hjartabilun

Ein af afleiðingum æðakölkunar er hjartabilun. Á rannsóknastöð Hjartaverndar er markvisst unnið að rannsóknum á henni. Kerfisbundið er unnið að leit að áhættuþáttum og með hvaða hætti er unnt að hafa áhrif á þróun í hjartabilun hjá einstaklingum. Vitað er að um 40% þeirra sem lifa af hjartaáfall, samkvæmt gögnum úr Öldrunarrannsókninni, þróa með sér hjartabilun.


Algengi hjartabilunar eftir aldri við komu í Öldrunarrannsóknina (95% öryggisbil)



Algengi hjartabilunar við komu í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar var 3,6% í heildina og var það marktækt hærra hjá körlum (4,9%) en konum (2,7%) ($p < 0,001$), sjá nánar á myndinni hér til hliðar.


Í heildina mældist nýgengi hjartabilunar 16,2 tilvik á 1000 mannár og reyndist það marktækt hærra hjá körlum (20,9 tilvik á 1000 mannár) en konum (12,9 tilvik á 1000 mannár) ($p < 0,001$), myndin hér til hliðar, (Haukur Einarsson, Guðmundur Þorgeirsson, Ragnar Daníelsson, Örn Ólafsson, Thor Aspelund, Vilmundur Guðnason. Hjartabilun meðal eldri Íslendinga. Algengi, nýgengi, undirliggjandi sjúkdómar og langtímalifun 2017; PMID:29044038).

Nýgengi hjartabilunar eftir aldri við komu í Öldrunarrannsóknina (95% öryggisbil)




Rannsóknir Hjartaverndar sem nýlega voru birtar í Scandinavian Journal of Cardiology; (Prevalence of heart failure in the elderly and future projections: the AGES-Reykjavík study. Danielsen R, Þorgeirsson G, Einarsson H, Ólafsson Ö, Aspelund T, Harris TB, Launer L, Guðnason V. Scand Cardiovasc J. 2017; PMID:28366010) sýna að framtíðarspá fyrir hjartabilun hjá körlum og konum eldri en 70 ára til næstu 40 ára er ógnvænleg, hvorki meira né minna en þreföldun á algengi hjartabilunar, sjá nánar myndina til vinstri hér að neðan. Þetta er endurspeglun af þeirri fjölgun aldraðra á Íslandi sem fyrirsjáanleg er, bæði hjá konum og körlum, sjá nánar myndina til hægri hér fyrir neðan.

Áætlaður fjöldi Íslendinga eldri en 70 ára með hjartabilun fram til 2060




Áætlaður fjöldi karla og kvenna eftir aldersflokkum á Íslandi til 2060



Gáttatíf

Vísindamenn Hjartaverndar sýndu fram á líklegan faraldur hjartasjúkdómsins gáttatífs næstu áratugin, sjá myndina að neðan. Í kjölfar vísindagreinar sem vakti verðskuldaða athygli veltu aðrir vísindamenn því fyrir sér hvort faraldur gáttatífs sé yfirvofandi í hinum vestræna heimi.

Gáttatíf er hjartsláttartruflun sem stafar af truflunum á rafboðum frá efri hólfum hjartans. Þessi sjúkdómur er sjaldgæfur hjá fólki undir fimmtugu en verður sífellt algengari með hækkandi aldri. Sjúkdómurinn getur haft í för með sér veruleg einkenni svo sem



hjáttarópægindi, þreytu, úthaldsskerðingu og mæði. Alvarlegasti fylgikvilli gáttatífs er heilablóðfall. Rúmlega 20% heilablóðfalla kunna að tengjast gáttatífi. Gríðarlegur kostnaður fylgir þessum sjúkdómi, bæði vegna innlagna á sjúkrahús og kostnaðar á lyfjum, en áætlað er

að rúmlega 1% kostnaðar í heilbrigðiskerfum vestrænna þjóða sé tilkominn vegna gáttatífs. Þessi spá var fyrst sinnar tegundar í Evrópu. (Trends in the incidence and prevalence of atrial fibrillation in Iceland and future projections. Europace. Stefansdóttir H, Aspelund T, Guðnason V, Arnar DO. 2011;PMID:21551478).

Þetta er eitt af mörum dæmum um gildi Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar til að gera spár sem gagnast geta heilbrigðisyfirvöldum. Alla ofangreindra alvarlegra sjúkdóma er hægt að hafa áhrif á fyrr á ævinni og gefur það ráðamönnum möguleika á að beita forvörnum til þess að freista þess að fyrirbyggja þá.

Rannsóknir Hjartaverndar er einnig hægt að nota til að spá fyrir um notkun á heilbrigðiskerfinu sem skiptir þjóðina miklu máli. Sú vinna Hjartaverndar heldur áfram og mun nýtast heilbrigðisyfirvöldum til ákvarðanatöku.

Vísindavinnan árin 2018 og 2019

Hvorki meira né minna en 123 vísindagreinar voru birtar á þessum árum. Hér er um mikið magn góðra vísindarannsókna að ræða sem margar hverjar voru birtar í sumum virtustu vísindatímaritum heims. Hér að neðan er stuttlega stiklað á stóru til þess að gefa mjög grófa vísibendingu um hvað er að ræða.

Vísindamenn Hjartaverndar hafa haldið áfram að rannsaka þögul hjartadrep úr Öldrunarrannsókninni. Ein vísindarannsókn Hjartaverndar fann samband milli þögulla hjartadrepa vegna kransæðastíflu og drepa í heila. Rannsóknin var birt í JAMA Neurology 2019 (PMID:31107514).

Dauðsföll vegna óþekktra eða „unrecognized“ hjartaáfalla eru á sömu tíðni og hjá þeim



sem hafa þekkt hjartaáföll, sem bendir til þess að það sé ekki síður vont að hafa þessi óþekktu hjartaáföll.

Þessi rannsóknarniðurstaða var birt í vísindagrein í JAMA Cardiology (PMID:30304454).

Einnig var gerð rannsókn á algengi örvefsmyndunar (vefjatrefjunar) í hjartavöðva án þess að það væri undirliggjandi kransæðastífla. Niðurstöðurnar sýndu að 6% einstaklinga höfðu mikla örvefsmyndun af þessu tagi og höfðu mun verri horfur en þeir sem voru með merki um kransæðastíflu. (Eur Heart J. 2019; PMID:30445559).

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um þátt meinsemda í æðum, eins og æðakölkunar og Alzheimer sjúkdóms, og sýndu vísindamenn Hjartaverndar í samvinnu við aðra vísindamenn fram á að það sé mjög líklegt að samband sé þarna á milli. Vísindagrein var birt í Alzheimer Dementia 2019 (PMID:30240575).

Vísindamenn Hjartaverndar unnu einnig að rannsóknum á breytingum í lungum (interstitial lung abnormality, ILA). Þessi vinna var gerð í samvinnu við lækna á Landspítalanum með lungnalækninn Gunnar Guðmundsson í fararbroddi. Rannsóknin nær yfir síðustu ár. Rannsóknin byggir á tölvusneiðmyndum sem teknar voru af lungum í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. ILA er talið tengjast upphafsþrengingum í lungnatrefjun og grein sem birtist í Am J Respir Crit Care Med. 2019 (PMID:31339356) sýndi fram á sameiginlega erfðapætti í lungnatrefjun og í þeim lungnabreytingum sem sjást á tölvusneiðmyndum. Rannsóknir okkar hafa sýnt að einstaklingar með þessar breytingar hafa minni lífslíkur og mun lakari lífsgæði. (Thorax 2018; PMID:29317545 og ERJ Open Res. 2018; PMID:30186845).

